

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Sent á netfangið: nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 12.02.2021

Efni: Umsögn, tekin saman af stjórn Félags Viðurkenndra Bókara, um frumvarp til breytingar á ýmsum lögum til einföldunar regluverks, þingskjal nr.757 og 444.mál

Félag Viðurkenndra Bókara hefur fengið til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki. Umsögn er tekin saman af stjórn Félags Viðurkenndra Bókara. Í stjórn eru Hrefna Díana Viðarsdóttir, Inga Jóna Óskarsdóttir, Sonja Kjartansdóttir, Þuríður E. Baldursdóttir og Arndís Pálsdóttir.

Hér er rætt um I. Kafla sem snýr að Viðurkenndum Bókurum. Frumvarpið um niðurfellingu 43.gr, 145/1994 lög um bókhald felur í sér grundvallarbreytingu um hvernig aðili fær próf upp á færni sína í bókhaldi, reiknings- og skattskilum, hvað sá aðili megi kalla sig og hvernig prófum sé háttað.¹

- Í upphafi, með prófunum og lagabreytingunni, var verið að horfa til þeirra sem kaupa bókhaldsþjónustu og opinberra aðila sem þurfa að reiða sig á bókhald félaga. Með því að kaupa þjónustu af Viðurkenndum Bókara var hægt að gera ráð fyrir kaupandinn væri að kaupa þjónustu af hæfum aðila sem hefði staðist þau próf sem Viðurkenning Bókara veitir. Að allir, þá þegar starfandi uppgjörsaðilar, væru með sömu hæfni og þekkingu. Með þessu var hugsunin að viðskipti á þessu sviði myndu færast til þeirra sem hefðu fengið opinbera staðfestingu á faglegri þekkingu sinni. Við í Félagi Viðurkenndra Bókara teljum enn nauðsyn á gæðastimpli Bókara á íslenskum markaði og ekki síst nú í framhaldi skýrslu OECD um mútubrot í alþjóðaviðskiptum og aðgerðir fjármálaeftirlitsins gegn peningabætti. Ættum við ekki heldur að skerpa á fagmennsku Bókara?
- Viðurkenndir Bókarar eru þekktir í íslensku atvinnulífi og hafa áunnið sér traust ýmissa haghafa t.d. atvinnurekanda sem vilja ráða „góða“ Bókara, einstaklinga og lögaðila sem vilja kaupa bókhaldsþjónustu, sem vilja aðstoð við stofnun félaga, skráningu á launagreiðendaskrá sem og virðisaukaskattskrá og skil á framtölum o.s.frv. Viðurkenndir Bókarar eiga gott samstarf við haghafa eins og ársreikningaskrá, Skattinn, upplýsingakerfisfyrirtækin og menntastofnanir, sem og við önnur fagfélög eins og Félag Bókhaldsstofa, Félag löggiltra endurskoðenda og Félag Viðskipta og Hagfræðinga. Vikulega auglýsir atvinnulífið eftir „Viðurkenndum Bókurum“ svo eftirspurnin er til staðar og starfsstéttin búin að festa sig í sessi. Fram til þessa hafa ýmsir aðilar tekið gilda þekkingu okkar og við undirritum og vottum ýmsa pappíra sem Viðurkenndir Bókarar t.d. útboðsgögn² bæði ríkiskaupa og sveitarfélaga, fengið aðgang að skilalistum³

¹ Sjá 43.gr, 145/1994: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1994145.html>

² Sjá flokk C:

https://www.ríkiskaup.is/is/rammasamningar/samningarnir/voruflokkar/endurskodun?fbclid=IwAR2L9Fwh-tkaL2a3eKH6nBx_sor-ciXrLYclnYUVT3jkAGMNVihfHoyw3rc


³ Sjá lið I. Almenn: <https://www.rsk.is/fagadilar/skil-atvinnumanna/>

skattsins v. framtalsskila, vottað umsóknir ferðaskrifstofa til Ferðamálastofu⁴ svo eitthvað sé nefnt.

- Það er löngu ljóst að undirstaða í prófefnislýsingu⁵ hefur ekki spilað í takt við þá sem hafa auglýst undirbúningsnám til viðurkenningar bókara, né þá sem hafa ákveðið að þreyta prófin, og er því stórt bil á milli væntinga og krafna. Þegar vinnumarkaðurinn ræður einstaklinga með þessa viðurkenningu, er hann oft að leita af fólki sem getur starfað sem aðalbókarar og hafi grunnþekkingu í framtals- og ársreikningagerð.
- FVB leggur til að kröfurnar sem gerðar eru til viðurkenndra bókara séu meira í takt við væntingar próftaka sem og þeirra menntastofnana sem vilja selja gott bókhaldsnám. FVB leggur til að það sé gert með því að færa prófefnislýsingu, með breytingu á reglugerð 649/2019, nær nútímanum og væntingum markaðarins. FVB leggur til að ráðuneytið, eða aðrir sambærilegir aðilar, standi áfram að slíkum prófum, í t.d. samráði við fagaðilafélögin eða aðra aðila.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar FVB



Hrefna Diana Viðasdóttir,

Formaður Félags viðurkenndra bókara

⁴ Sjá: <https://www.ferdamalastofa.is/is/levfi-og-loggjof/ferdaskrifstofur/arleg-skil-ferdaskrifstofa>

⁵ Sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/profefnislysing/>